



Alþingi

Erindi nr. B 115 / 1318

komudagur 19 / 5 1992

Verkamannafélagið DAGSBRÚN

LINDARGÖTU 9 · 121 REYKJAVÍK · SÍMI 25633 · PÓSTHÓLF 792

Reykjavík 14 maí 1992

Til foseða Alþingis.

Stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar ályktar um 6.gr. frumvarps til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

I sjöttu grein frumvarpsins er gert ráð fyrir því að námsmenn fái ekki lán úr LÍN fyrr en tilskyldri skólasókn og námsárangri er náð á ári hverju.

Stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar álítur að þetta sé óeðlileg og óréttmæt breyting frá því sem verið hefur.

Það er mikilvægt að nemendur geti áfram stundað nám óháð efnahag. Hin nýju ákvæði auka mismun.

Efnaþingi námsmenn hafa ekki sömu möguleika og hinir efnameiri til að fjármagna nám sitt meðan beðið er eftir námsláni. Það verður þung byrði fyrir aðstandendur námsmanna sem hafa gengið í ábyrgð á skammtímalánum ef námsmanni mistekst í námi eða vegna veikinda. Slíkt fjárhagslegt álag á fjölskyldu námsmanns getur orðið lágtekjufjólki ofviða, einkum í því slæma efnahags- og atvinnuástandi eins og nú er.

Stjórn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar skorar á Alþingi að lagfæra ofangreind atriði í því frumvarpi sem nú er til afgreiðslu.

Samrit sent til:

Olafs G. Einarssonar menntamálaráðherra.